



## Fundargerð

**465. fundur Sveitarstjórnar Skaftárhrepps haldinn í fundaraðstöðu  
Kirkjubæjarstofu þekkingarseturs Klausturvegi 4, 2. hæð,  
14. september 2021, kl. 16:00.**

### Fundinn sátu:

Eva Björk Harðardóttir, Arndís Jóhanna Harðardóttir, Bjarki Guðnason var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Jón Hrafn Karlsson, Heiða Guðný Ásgeirsdóttir, Katrín Gunnarsdóttir og Sandra Brá Jóhannsdóttir.

**Fundargerð ritaði:** Sandra Brá Jóhannsdóttir, sveitarstjóri.

Fundargerð er tölvuskráð og er 7 bls. Fundurinn er hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins. Fundinum er einnig streymt á Youtube; <https://www.youtube.com/watch?v=dHqDW6Mt-7M>

Mættir eru undirritaðir sveitarstjórnarmenn.

Eva Björk Harðardóttir, oddviti býður fundarmenn og áheyrendur velkomna.

Sveitarstjóri og oddviti greina frá gangi mála frá síðasta sveitarstjórnarfundi.

12.ágúst Orkidea verkefnastjórn

16. ágúst heimsókn stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs og svæðisráðs Vestursvæðis.

19. ágúst fundur verkefnishóps um stafrænt Suðurland

20. ágúst fjarfundur á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem kynntar voru forsendur og niðurstöður starfshóps um skilavegi.

23. ágúst Fundur með UAR, ReSource og Eflu um framhald tilraunaverkefnis í úrgangsmálum

23. ágúst fundur landeigenda jarðarinnar Kirkjubæjklausturs

24. fundur með Sýslumannni Suðurlands og kjörstjórum vegna sameiningarkosninga

24. ágúst fundur með fulltrúum úr Forsætisráðuneytinu, Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu ásamt forstjóra Vegagerðarinnar, Landgræðslunnar, Veðurstofunnar og fulltrúum frá Hafró og Orkustofnun vegna alvarlegrar stöðu á grunnvatni í Landbroti og Meðallandi og rennsli í Grenlæk og Tungulæk.

24.ágúst fundur vinnuhóps um Aðalskipulag

26.ágúst Orkidea verkefnastjórn

27. ágúst fundur samstarfsnefndar Sv. Suðurland

27. ágúst fundur með fjallskilanefndum vegna mögulegrar stækkunar VJþ

2. september Forstöðumannafundur

2. september Íbúafundur vegna mögulegrar stækkunar VJþ

3. september stjórnarfundur SASS

6. september Stöðufundur með lögregustjóranum á Suðurlandi vegna Skaftárhlaups

6. september Íbúafundur í Rangárþingi eystra vegna sameiningarkosninga

7. september stöðufundur með Náttúrvársérfræðingum vegna Skaftárhlaups

8. september stjórnarfundur Eldvilja ehf



9.september: fundur með verkefnahópi Sambands ísl sveitarfélaga um vinnu við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

9. september íbúafundur í Mýrdalshreppi vegna sameiningarkosninga

13.september: verkefnastjórn svæðisskipulags um Suðurhálendi.

13. september Íbúafundur í Skaftárhreppi vegna sameiningarkosninga

Framundan eru íbúafundir vegna sameiningarkosninga í Ásahreppi og Rangárþingi ytra og verður kosið samhliða alþingiskosningum þann 25. september nk.

### Fundargerðir til samþykktar

1. 2109001F - Fundargerð 168. fundar skipulagsnefndar 07.09.2021

- 1.1 1710004 - Virkjun í Hverfisfljóti

#### Niðurstaða Skipulagsnefnd - 168

Skipulagsnefnd frestar afgreiðslu málsins og kallar eftir skýrari greinargerð með deilskipulagi, uppdrætti sem sýnir haugsetningu efnis, mótvægisgerðum framkvæmdaaðila og lögfræðiálit á auglýsingu skipulags. Einnig vantar rökstuðning sveitarstjórnar fyrir því að fara gegn umsögn Skipulagsstofnunar.

JBJ og KH þakka innsendar umsagnir og athugasemdir og benda enn og aftur á að með Hnútuvirkjun er varanleg mikil röskun á landi og hefur veruleg neikvæð umhverfisáhrif eins og fram kemur í umsögnum Skipulagsstofnunar og annarra fagstofnana auk einstaklinga og félagasamtaka. Þarna er gljúfur að verða til eftir mikið náttúruundur við hlið Skaftárelabrauns með sérstakt jarðsögulegt gildi og stendur til að raska hvoru tveggja.

Rök sveitarfélagsins um að virkjunin tryggi afhendingaröryggi stenst ekki þar sem að virkjunin verður jafnvel ekki hæf til eyjareksturs enda allir samningar við dreifingaraðila óunnir. Á tíu ára áætlun Landsnets er að tengivirki á Prestsbakka verða endurnýjuð og við það mun tengivirki vera með fullt N minus 1 öryggi, þ.e. að ef önnur línan fer út þá helst hin línan inni en slíkt á ekki við í dag. Nær væri að hvetja til þess að þessari endurbót verði flýtt frekar en að fórna ómetanlegrí náttúru svæðisins eins og margoft hefur verið bent á.

**Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar. HGÁ og AH taka undir bókun JBJ og KH**

- 1.2 2010007 - Klausturvegur 4 - dsk skólalóðar

#### Niðurstaða Skipulagsnefnd - 168

Skipulagsnefnd frestar afgreiðslu málsins og leggur til að skipulagssvæðið verði stækkað sem nemur landi milli Klausturvegar og Skaftár. Með því náum við utanum sambúð skóla, íþróttta, menningar og lista. Svæðið verði hjarta samfélagsins. Hugað verði vel að aðkomu að svæðinu, tengingu skóla- og íþróttamannvirkja auk samspils þekkingar, menningarseturs og skólastarfsemi, samfélagini öllu til framdráttar. Skipulagsnefnd leggur til að skipulagið verði unnið í góðu samráði og nýrra hugmynda verði leitað sem viðast.

**Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar**



- 1.3 2109001 - Mörtunga 1 - Umsókn um niðurrif

**Niðurstaða Skipulagsnefnd - 168**

JBJ víkur af fundi.

"Skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um samþykki  
meðeigenda jarðarinnar"

**Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.**

- 1.4 2109003 - F550 - umsókn um stofnun landeignar úr Núpstað L163416

**Niðurstaða Skipulagsnefnd - 168**

JBJ kemur aftur til fundarins.

"Skipulagsnefnd samþykkir erindið"

**Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.**

- 1.5 2109004 - F550 - umsókn um stofnun landeignar úr landi Sléttu L163443

**Niðurstaða Skipulagsnefnd - 168**

"Skipulagsnefnd samþykkir erindið"

**Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar**

- 1.6 2109006 - Skriðuvellir 17 - lóðarumsókn

**Niðurstaða Skipulagsnefnd - 168**

"Skipulagsnefnd tekur jákvætt í erindið. Skipulags- og byggingarfulltrúa  
falið að vinna endurskoðað deiliskipulag þar sem lóðinni að Skriðuvöllum  
17 verði breytt úr einbýlishúsalóð í 2-3ja íbúða fjölbýli."

**Eva Björk Harðardóttir lýsir yfir vanhæfi við afgreiðslu næstu  
tveggja liða og víkur af fundi. Heiða Guðný Ásgeirs dóttir varaoddviti  
tekur við stjórn fundarins.**

**JHK, HGÁ, KG og AH staðfesta afgreiðslu nefndarinnar**

- 1.7 2109007 - Skriðuvellir 19 - Lóðarumsókn

**Niðurstaða Skipulagsnefnd - 168**

"Skipulagsnefnd tekur jákvætt í erindið. Skipulags- og byggingarfulltrúa  
falið að vinna endurskoðað deiliskipulag þar sem lóðinni að Skriðuvöllum  
19 verði breytt úr einbýlishúsalóð í 2-3ja íbúða fjölbýli."

**JHK, HGÁ, KG og AH staðfesta afgreiðslu nefndarinnar.**

**Eva Björk Harðardóttir kemur aftur til fundarins og tekur við stjórn  
hans.**

- 1.8 2109008 - Skriðuvellir 2-6 - Fyrirspurn

**Niðurstaða Skipulagsnefnd - 168**

"Skipulagsnefnd tekur jákvætt í erindið"

**Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.**

- 1.9 2105008 - Orustustaðir - Teikningar til umsagnar

*vd MBD*  
*JHK EMA*  
*HGA*

**Niðurstaða Skipulagsnefnd - 168**

"Skipulagsnefnd bendir á að fyrirhugaðar framkvæmdir eru deiliskipulagsskildar."

**Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar**

- 1.10 1608006 - Hemrumörk: Deiliskipulag

**Niðurstaða Skipulagsnefnd - 168**

"Skipulagsnefnd veitir skipulags- og byggingarfulltrúa heimild til að endurauglýsa deiliskipulag fyrir Hemrumörk skv. 41.gr. skipulagslaga 123/2010"

**Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar**

- 1.11 2108001 - Stöðuleyfi - Vinnubúðir Hverfisfljót

**Niðurstaða Skipulagsnefnd - 168**

"Skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um samþykki landeiganda."

**Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar**

- 1.12 2108002 - Stöðuleyfi - Vinnubúðir Núpsvötn

**Niðurstaða Skipulagsnefnd - 168**

"Skipulagsnefnd samþykkir erindið. Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu."

**Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar með fyrirvara um samþykki landeiganda**

Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn

2. 2109003F - Fundargerð 177. fundar fræðslunefndar 26.08.2021

- 2.1 2109015 - Kirkjubæjarskóli á Síðu  
5) Önnur mál

**Niðurstaða Fræðslunefnd - 177**

Skólastjóri óskar eftir að sveitarfélagið setji sér viðmið um flýtingu nemenda í skólakerfinu.

**Sveitarstjórn felur fræðslunefnd í samvinnu við skólastjóra að leggja fram tillögur að viðmiðum um flýtingu nemenda í skólakerfinu.**

Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn

**Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu**

3. 2109011 - umsókn um námsvist utan lögheimilis sveitarfélags

**Sveitarstjórn samþykkir umsóknina. Oddvita falið að ljúka málinu.**

4. 2109012 - Kjörskrá alþingiskosninga 2021

*Lagður fram kjörskrárstofn frá Þjóðskrá vegna alþingiskosninga sem fara fram 25. september 2021. Á kjörskrá eru 351.*

**Sveitarstjóra falið að undirrita hana. Jafnframt er sveitarstjóra veitt**

KJ  
PBH  
ASJ  
JMK  
HLR



**fullnaðarheimild til að fjalla um athugasemdir, gera nauðsynlegar leiðréttigar, úrskurða um ágreiningsmál sem kunna að koma fram að kjördegi vegna alþingiskosninga 25. september nk. í samræmi við 27. gr. laga um kosningar til Alþingis.**

5. 2109013 - Ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga 28. og 29. október 2021 -tilnefning fulltrúa. Samtök sunnlenskra sveitarfélaga, dags. 31.08.2021

**Sveitarstjórn tilnefnir Evu Björk Harðardóttur, Arndísí Harðardóttur, Heiðu Guðnýju Ásgeirsdóttur sem aðalamenn Skaftárrepps og Katrínú Gunnarsdóttur, Jón Hrafn Karlsson og Söndru Brá Jóhannsdóttur til vara.**

6. 2109014 - Beiðni um viðbrögð vegna mönnunarvanda Heilsuleikskólans Kærabæjar - erindi frá foreldrum dags. 25.08.2021

*Fyrir fundinum liggur beiðni nokkurra foreldra barna á Heilsuleikskólanum Kærabæ um að Skaftárreppur bregðist við þeim biðlista sem myndast hefur vegna erfiðleika við að manna þau stöðugildi sem þarf. Bent er á að önnur sveitarfélög hafi komið til móts við heimili sem bíða eftir leikskólaplássi með mánaðarlegum greiðslum til foreldra til að mæta tekjutapi foreldra vegna þess og gera þeim kleift að leysa daggæslu barna sinn með öðrum hætti.*

**Sveitarstjórn felur fræðslunefnd að koma með tillögur að aðgerðum.**

7. 1910014 - Kjörskrá fyrir kosningu um sameiningu sveitarfélaganna Skaftárrepps, Mýrdalshrepps, Rangárþings eystra, Rangárþings ytra og Ásahrepps

*Lagður fram kjörskrárstofn frá Þjóðskrá vegna sameiningarkosninga sem fram eiga að fara 25. september 2021. Á kjörskrá eru 371.*

**Sveitarstjóra falið að undirrita hana. Jafnframt er sveitarstjóra veitt fullnaðarheimild til að fjalla um athugasemdir, gera nauðsynlegar leiðréttigar, úrskurða um ágreiningsmál sem kunna að koma fram að kjördegi vegna sameiningarkosninga 25. september nk. í samræmi við 10. og 11. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998.**

8. 2107002 - Stækken Vatnajökulsþjóðgarðs tillögur

*Um miðjan júní óskaði umhverfis- og auðlindaráðherra eftir samtali við sveitarstjórn um möguleika á stækken Vatnajökulsþjóðgarðs innan marka Skaftárrepps. Í framhaldi af þeim fundi var ákveðið á sveitarstjórnarfundi þann 15. júlí að leita eftir samráði við fjallskilanefndir í sveitarfélagini ásamt því að boða til íbúafundar vegna málsins. Náttúrufræðistofnun Íslands tók saman greinargerð varðandi þau svæði sem væri ákjósanlegt að skoða að setja undir þjóðgarð. Svæðið sem var til umfjöllunar var að stærstum hluta innan þjóðlendumarka. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið yfirfór greinargerðina með það fyrir augum að taka út þau svæði sem ekki koma til greina vegna mögulegra virkjunarkosta. Tillaga að stækken var svo dregin upp og lögð fram til kynningar.*

**Sveitarstjórn þakkar fyrir sýndan áhuga íbúa og góða umræðu um mögulega stækken Vatnajökulsþjóðgarðs. Í ljósi umræðu og athugasemda sem fram komu frá fjallskilanefndum og á íbúafundi sem haldinn var þann 2. september sl. telur sveitarstjórn mikilvægt að málið hljóti frekari skoðun heimaþyrir standi það Skaftárreppi áfram til boða eftir komandi alþingiskosningar.**

KJ  
HJK  
JBL  
SSP  
H617



9. 2109016 - Beiðni um leyfi frá setu í sveitarstjórn og nefndum. Bjarki Guðnason, dags. 07.09.2021

Bjarki Guðnason óskar eftir leyfi frá setu í sveitarstjórn og nefndum á vegum sveitarfélagsins frá 8. september 2021 - 1. janúar 2022.

### Sveitarstjórn samþykkir beiðnina

Katrín Gunnarsdóttir lýsir yfir vanhæfi við afgreiðslu næsta liðar og víkur af fundi.

10. 2109017 - Staða slökkviliðsstjóra Skaftárhrepps

Staða slökkviliðsstjóra Skaftárhrepps var auglýst laus til umsóknar í ágúst og var umsóknarfrestur til og með 3. september sl. Ein umsókn barst um stöðuna frá Bjarka Guðnasyni

**Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að ganga frá ráðningarsamningi við Bjarka Guðnason um stöðu slökkviliðsstjóra.**

Katrín Gunnarsdóttir kemur aftur til fundarins.

### Fundargerðir til kynningar

11. 1801013 -

8. fundur stjórnar Skógasafns 14. september 2020  
9. fundur stjórnar Skógasafns og aðalfundur 14. september 2020  
10. fundur stjórnar Skógasafns 27. nóvember 2020  
11. fundur stjórnar Skógasafns 10. desember 2020  
12. fundur stjórnar Skógasafns 12. apríl 2021  
29. fundur stjórnar Bergrisans bs. 09. apríl 2021  
30. fundur stjórnar Bergrisans bs. 7. júní 2021  
31. fundur stjórnar Bergrisans bs. 15. júlí 2021  
213. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands 27.08.2021  
13. fundur vinnuhóps um endurskoðun aðalskipulags, dags. 28.06.2021  
14. fundur vinnuhóps um endurskoðun aðalskipulags, dags. 24.08.2021  
Fundargerð fjallskilanefndar Landbrots- og miðafréttar 16.08.2021  
Fundargerð fjallskilanefndar Skaftártungu 2020  
Fundargerð fjallskilanefndar Álfaversafréttar 22. ágúst 2021  
90. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafelssýslu 26.08.2021  
900. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 26.08.2021  
Fundargerð aðalfundar Vottunarstofunnar Túns 30. ágúst 2021

### Fundargerðir kynntar

#### Annað kynningarefní

12. 1801013 -

Forsendur fjárhagsáætlana 2022-2026. Samband íslenskra sveitarfélaga, dags. 13.08.2021

Aðalskoðun leiksvæða - Kirkjubæjarskóli. BSI á Íslandi, dags. 19.08.2021

Aðalskoðun leiksvæða - Heilsuleikskólinn Kæribær. BSI á Íslandi, dags. 19.08.2021

Hvað er til ráða?. Erindi Hreiðars Hermannssonar, dags. 07.09.2021

Sveitarstjórn þakkar Hreiðari erindið og felur sveitarstjóra að mæta til fundarins fyrir sína hönd. Annað efni kynnt.

KJF  
JPK  
HGA  
AJP



SKAFTÁRHREPPUR

Næsti fundur sveitarstjórnar er áætlaður fimmtudaginn 21. október 2021.

Fundargerð lesin upp og samþykkt

Fundi slitið kl. 17:46.

Hæde Guðrún Þóseirs dættir  
Arnórs Ólafssón  
Guðrún Þóseirs dættir  
Jón Jónasson  
Kálmán Ógmundsson